

## REGLUGERÐ

### um veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Sleipnis í Árnassýslu.

#### 1. gr.

Hestamannafélaginu Sleipni í Árnassýslu er heimilt að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar er fram fara á vegum félagsins.

#### 2. gr.

Veðmálastarfsemin fer þannig fram að veðjað er um hvaða hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

#### 3. gr.

Veðfjárupphæðin má nema allt að kr. 5.000 og greiðist hestamannafélaginu gegn afhendingu veðmiða.

#### 4. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 60% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð sem veðjað hefur verið um á þann hest sem vinnur.
- b. Afganginum (40%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Árnassýslu. Framlag til reiðvega má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

#### 5. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar greiddir út þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

#### 6. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, og kemur af þeim eða öðrum ástæðum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

#### 7. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

#### 8. gr.

Vinningar greiðist í heilum tugum króna, þannig að vinningar hækki eða lækki í heilan tug samkvæmt almennum reglum.

#### 9. gr.

Þeir sem veðja eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t.d. missir hestur rétt til verðlauna er knapi hans er dæmdur úr leik o.s.frv.

#### 10. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir að móti lýkur, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

#### 11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglíngum innan 18 ára að veðja.

## 12. gr.

Halda skal nákvæma skrá yfir veðmálastarfsemina, svo sem inngreiddar og útgreiddar veðfjárhæðir og ráðstöfun tekna, og afhenda hana dóms- og kirkjumálaráðuneytinu innan 6 mánaða frá því að veðmálastarfsemi lýkur.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 20. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 1 árs.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Námssjóð Sameinaðra verktaka hf. við Tækniskóla Íslands.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir *Námssjóður Sameinaðra verktaka hf. við Tækniskóla Íslands*. Sjóðurinn tekur við námssjóði sem Sameinaðir verktakar hf. stofnuðu til að styrkja efnilega námsmenn í tæknifræðum og falla allar eignir þess sjóðs til þessa sjóðs við stofnun.

## 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega námsmenn til framhaldsnáms í tæknifræðum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar og ákvæðum stofnskrár þessarar.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11.725.000 - krónur ellefu milljónir sjöhundruð tuttugu og fimmþúsund. Þar af telst bundinn höfuðstóll kr. 10.000.000 sem ekki má skerða. Öðrum eignum og áföllnum vöxtum má sjóðsstjórnin úthluta sem styrkjum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Tækniskóli Íslands tilnefnir tvo menn og menntamálaráðuneytið einn, og skal sá síðastnefndi vera formaður. Tilnefning stjórnarmanna er til þriggja ára í senn. Tilkynning um hverjir skipi stjórn sjóðsins skal send Ríkisendurskoðun.

## 4. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Tækniskóla Íslands undir yfirumsjón stjórnarmanna. Stjórnarmenn skulu kappkosta að ávaxta sjóðinn á tryggan hátt og stefna að hámarks ávöxtun hverju sinni. Bókhald sjóðsins skal fært sérstaklega og fjárhagur hans aðskilinn frá annarri starfsemi. Reikningsárið er almanaksárið og skal endurskoðaður ársreikningur liggja fyrir í apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins tilnefnir endurskoðendafélag til að endurskoða ársreikning sjóðsins. Endurskoðaður ársreikningur skal árlega fyrir lok júnímánaðar sendur Ríkisendurskoðun.